

JÓN PÁLSSON

Ritstjórnarpistill

Jakob varð einn eftir, og maður nokkur glímdi við hann, uns dagsbrún rann upp. Og er hann sá, að hann gat ekki fellt hann, laust hann hann á mjöðm-ina, svo að Jakob gekk úr augnakörlunum, er hann glímdi við hann. Þá mælti hinn: Slepptu mér, því að nú rennur upp dagsbrún. En hann svaraði: Ég sleppi þér ekki, nema þú blessir mig. Þá sagði hann við hann: Hvað heitir þú? Hann svaraði: Jakob. Þá mælti hann: Eigi skalt þú lengur Jakob heita, heldur Ísrael, því að þú hefir glímt við Guð og menn og fengið sigur. Og Jakob spurði hann og mælti: Seg mér heiti þitt. En hann svaraði: Hvers vegna spyr þú mig að heiti? Og hann blessaði hann þar (1M 32.24–29).¹

ÞESSU riti er ekki ætlað að glíma við Guð heldur við guðfræði og samfélag á 21. öld. Með því viljum við sem að því stöndum annars vegar búa til vettvang fyrir fræðilegar greinar um guðfræði og hins vegar fyrir guðfræðilega umfjöllun um samfélagsleg málefni. Ritið er óháð, sem þýðir að það er ekki gefið út á vegum neinnar stofnunar, heldur standa að því áhugasamir einstaklingar sem vilja efla veg guðfræðinnar innan samfélagsins.

Glíman er vistuð á vef Kistunnar (www.kistan.is) og munu nýjar greinar birtast þar jöfnum höndum, en einnig verður tímaritið gefið út í prentuðu formi einu sinni á ári. Þannig er tryggt að hægt verði að vitna í greinar þess. Á Kistunni gefst lesendum einnig kostur á að bregðast við efni þess með því að senda inn athugasemdir sínar.² Höfundur

¹ Tilvísanir í ritningarstaði í Biblíunni fylgja sama kerfi skammstöfunar og sett er fram í efnisyfirliti Biblíunnar 1981.

² Á Kistunni er boðið upp á eftirfarandi aðferð til að bregðast við efni ritsins: Með því að smella á krækjuna *Athugasemdir* kemur upp tölvupóstforrit þar sem sendandi skrifar athugasemdir sínar og smellir síðan á *Send*. Þær munu þá berast til ritstjórnar sem fer yfir þær og tekur ákvörðun um hvort þær eigi heima á síðunni. Mæliskvarð-

viðkomandi greinar mun þá bregðast við þeim. *Glíman* er ritrýnt fræðirit.³

Á síðustu árum hefur fjölgað mjög þeim guðfræðingum sem haldið hafa erlendis til framhaldsnáms. Og sífellt er að fjölga þeim sem ljúka doktorsprófi. Fyrir þessa aðila er *Glíman* ákjósanlegur vettvangur til að birta greinar í. Ritið stendur jafnframt opið öllum öðrum sem vilja tjá sig um málefni sem tengjast viðfangsefnum þess.

Auk fræðilegra greina um guðfræði munu birtast í ritinu greinar sem taka sérstaklega mið af samfélagslegri umræðu. Með því viljum við hvetja guðfræðinga til þess að fjalla um samfélagsleg málefni út frá guðfræðilegu sjónarhorni. Það sjónarhorn hefur ekki verið áberandi á opinberum vettvangi. Utan kirkjunnar er guðfræðin raddlaus fræðigrein á Íslandi sem er hrópanði staðreynd í samanburði við það hlutverk sem guðfræðingar gegna víða erlendis, t.d. í Danmörku og Þýskalandi. Í þeim löndum er álit guðfræðinga yfirleitt leitað þegar samfélagsleg málefni eru til umræðu. Hér á landi blanda menn ekki trúmálum, og þ.a.l. ekki heldur guðfræði, saman við slík málefni. Þó eiga samfélagsleg málefni sér iðulega rætur í trúarlegri afstöðu. Á grundvelli trúar sinnar vegur fólk og metur margt af því sem gerist í samfélaginu. Fullyrðingin um að kristin trú hafi mótað íslenskt samfélag í 1000 ár er ekki merkingarlaus klisja.

Trúmál eru fólki yfirleitt mikið feimnismál og er það eflaust ástæða þess hve þau eru lítið til umræðu hér á landi. Einhver orðaði það svo að trú sé meira tabú en klám. En þó trúin geti verið einstaklingum við-

inn á það ræðst af því hvort athugasemdin sé efnisleg m.t.t. greinarinnar sem hún á við. Þannig verður komið í veg fyrir að óefnislegar athugasemdir birtist þar. Einnig getur sú staða komið upp að ritstjórnin endursendi athugasemdira til sendanda með útlitun á því hvað þurfi að bæta til að hún verði birtingarhæf.

³ Kröfur ritstjórnar snúa einkum að framsetningu, sérstaklega því að efni greinanna sé sett fram á skýran og auðskiljanlegan hátt, byggi á fræðilegum grunni og ljóst sé hvaða forsendur liggja til grundvallar umfjöllun höfunda.

Undir efnisflokknum „Deigla“ birtast greinar sem byggja á skoðun, álit eða hugleiðingum höfunda og eru undanskildar kröfunni um fræðilega nálgun.

Varðandi frágang neðanmálsgreina, heimildaskrár og tilvitnana ber þetta fyrsta hefti með sér að ákveðnar reglur þar um voru ekki settar fyrirfram. Þessi atriði eru því með ýmsum hætti frá hendi höfundanna. Ritstjórnin ákvað að leyfa þeim að standa að mestu leyti óbreyttum. Þess í stað hefur hún nýtt sér reynsluna af þessari yfirferð til að móta reglur um þessi atriði sem höfundar munu eftirleidis fá í hendur áður en þeir senda inn greinar sínar.

kvæmt umræðuefni, er í sjálfu sér ekkert sem þarf að hindra opna umræðu um hana. Ákveðnar forsendur liggja alltaf til grundvallar trúarfstöðu fólks. Þær er hægt að ræða og skoða. Og trúin er ólík frá einum til annars. Hún getur verið einstrengingsleg og þröng eða víðsýn og opin. Sama gildir um aðrar skoðanir sem lesa má um í dagblöðunum á hverjum degi. Aftur á móti er trú ekki einu sinni til umræðu í góðra vina hópi. Af einhverjum ástæðum virðist sem fólk þori ekki eða vilji viðra trúarskoðanir sínar og forsendur þeirra. En hér gildir það sama um trúarskoðanir og sængurver, þær verða frísklegri séu þær viðraðar öðru hvoru. Og til að trúin eflist að gildi fyrir einstaklinginn þarf að reyna á hana andspænis öðrum kostum sem í boði eru. Hún er þegar allt kemur til alls glíma við Guð og menn.

Eftir sýningu í Borgarleikhúsinu á leikritinu *Gestinum* eftir Eric-Emmanuel Schmitt var efnt til umræðu um efni þess meðal áhorfenda. Stutta framsögu fluttu tveir prófessorar við Háskóla Íslands, annar heimspekingur og hinn guðfræðingur. Að erindum þeirra loknum var efnt til almennra umræðna sem virkuðu þannig á mig:

Ýmsir úti í sal virtust hafa áhuga á að láta skoðun sína í ljós og margt áhugavert kom fram. En þegar stjórnandi fundarins reyndi að grípa eitt-hvert atriði á lofti og halda áfram samræðu um það varð reyndin undantekningarlaust sú að sá sem næst tók til máls talaði algjörlega á skjön við það sem áður hafði komið fram. Þar með stoppaði flæði samræðunnar og það þurfti að byrja upp á nýtt. Það var sama hvað fundarstjórninn reyndi, honum tókst ekki að halda henni gangandi. Það var eins og hver og einn talaði útfrá allt öðru sjónarhorni en sá næsti á undan. Þetta var samkoma fólks sem vildi ræða saman en enginn virtist skilja hvað hinir höfðu verið að segja.

Vandamálið við samræður um trúmál kom þarna berlega í ljós, fólk talar út frá svo ólíkum sjónarhornum þegar það tjáir sig um trú. Grundvöllurinn sem talað er út frá er ekki sá sami frá einum til annars og þar með kemst samræðan hvergi úr sporunum. En sameiginlegur grundvöllur er forsenda þess að fólk geti yfirhöfuð talað saman. Á þessari málstofu var sem fólk gæti ekki rætt málið þótt það vildi.

Þessi „samræða“ sýndi svo ekki varð um villst að það er engin hefð fyrir opinni umræðu um trúmál hér á landi. Ólíkum efnum er ruglað saman þegar fólk telur sig vera að ræða trúmál. Mér sýndist af því sem fram kom að skipta mætti afstöðu fólksins í salnum til trúmála í fernt:

Sumir vildu blanda trúmálum saman við sögu kirkjunnar. Aðrir ræddu þau út frá sinni persónulegu trúarafstöðu og reynslu. Enn aðrir kusu að ræða málefnið út frá sjónarmiði guðleysis. Og svo voru þeir sem ræddu málið á guðfræðilegum nótum. En þetta eru svo ólíkar nálganir að engin furða er þó fólkíð hafi ekki skilið hvert annað.

Sem dæmi um hve þessi mismunandi sjónarmið leiða af sér ólíkar áherslur má nefna að:

Sá sem vill tala um trúmálin út frá gagnrýnni afstöðu til kirkjunnar getur fundið þeim allt til foráttu. Hann lítur yfir söguna, skoðar einstaka atburði, metur athafnir kirkjunnar og kveður síðan uppúr með að þetta sé nú ekki glæsileg saga. Í því sambandi má benda á krossferðir og rannsóknarrétt. Ólíkur skilningur hinna mismunandi kirkjudeilda á Guði eða Biblíunni og boðskap hennar hefur verið og er enn orsök að deilum milli manna og þjóða. Hversu mörg stríð og hversu margir glæpir hafa ekki verið framdir í nafni trúar, hvort sem er á múslímum, gyðingum eða kristnum mönnum? Trú skiptir jarðarbúum í andstæða hópa þar sem hver tekur sér stöðu með sínum trúarbrögðum í andstöðu við önnur, eða jafnvel einni kirkjudeild í andstöðu við aðrar kirkjudeildir og stuðlar þannig að sundrungu og sundurlyndi meðal manna. Það sé kominn tími til að varpa þessu kerfi fyrir róða er niðurstaða hans.

Sá sem lítur á trúmál fyrst og fremst út frá sinni persónulegu reynslu hrekkur vitanlega í kút þegar hann heyrir þetta. Trúin er fyrir honum innra með mannum. Og hún getur veitt honum mikinn styrk og hjálpað þegar á reynir. Trúin er fyrst og fremst mikilvæg fyrir einstaklinginn sem ræktar hana með sjálfum sér, hvort sem hann gerir það í einrúmi eða í kirkjulegu samfélagi með öðrum. Hún er einkamál mannsins. Fyrir þessum manni er hún viðkvæm og jafnvel heilög. Þetta hefur stundum verið kallað barnatrú, eitthvað sem maður hefur meðtekið sem barn, eitthvað gott og sem vert er að halda í. Aðrir hafa því ekki leyfi til að hrófla við þessum hreina streng í sálarlífi einstaklingsins. Kirkjan skapar trúuðu fólki athvarf til að upplifa og rækta þessa trú sína. Hún er samfélag trúaðra og ekkert annað. Stofnunin sem slík og sú pólitík sem þar ræður ríkjun er allt annað mál. Það eru mannanna verk. Andsvar hans er að ekki megi rugla þessu tvennu saman.

Sá sem heldur á lofti sjónarmiði guðleysis bendir einfaldlega á að hægt sé að fjalla um manninn án guðs. Hægt er að halda því fram að maðurinn þurfi ekki á guði að halda. Það sé hægt að halda uppi síðuðu

samfélagi án nokkurs guðs. Að hann sé til er ekki nauðsynleg forsenda fyrir tilveru og þróun mannlægs samfélags. Raunar megi velja því fyrir sér hvort sú hugmynd að til sé einhver ósýnilegur æðri máttur utan mannsins sé ekki mesta sjálfsblekking sem um getur. Það má spyrja hvort samfélag manna yrði nokkuð verra þótt við hættum að trú á guð, en héldum þess í stað á lofti ábyrgð mannsins gagnvart sjálfum sér og samfélaginu. Kannski yrði það betra. Trúaðir hafa átt ákaflega erfitt með að velja þessu fyrir sér. Þeirra síðasta svar er venjulega þetta: Bíddu bara við, þegar áföllin hellast yfir, leitar þú einnig til Guðs. Er til hroka-fyllri afstaða? spyr hann.

Sá guðfræðilega (heimspekilega) þenkjandi er tilbúinn að velja mál-unum fyrir sér frá ýmsum hliðum. Hann gerir sér grein fyrir því að sú gefna forsenda og trú að Guð sé til varðar miklu um hvernig við skiljum heiminn. Trúna sé t.d. hægt að meta út frá því hvernig hún birtist okkur í umhverfi okkar svo augljóst dæmi sé tekið. Hvað segja allar þessar kirkjubyggingar okkur annað en það að fólk er tilbúið að eyða ómældum tíma, orku og peningum í að reisa hús til dýrðar Guði sínum? Á að dæma alla þá fórn sem hégóma að óathuguðu máli? Svo er kirkjan sem slík elsta stofnun heimsins og ekkert útlit fyrir að hún sé að líða undir lok. Eitthvað hlýtur því að vera í þessum boðskap sem hreyfi við fólk. Milljónir manna eru trúaðir og sækja lífsfyllingu í að fylgja boðskap Jesú Krists, því verði ekki neitað. Annað dæmi er auðsætt, sem er það hvernig kirkjan býr til ákveðna reglufestu í kringum líf manneskjunnar með athöfnum sínum eins og skírn, fermingu, giftingu og jarðarför. Hún skapar þannig nokkurs konar ramma utanum lífið frá vöggu til grafar, sem eflaust er betra en að algjör óreiða ríki í þessum efnunum. Einungis þetta hlutverk hefur örugglega mikið gildi fyrir samfélagið. Síðan eru áhrif trúarinnar sem ekki sjást, en eru þeim mun mikilvægari og felast í siðaboðskap kirkjunnar. Framhjá þeim verður ekki litið, þau eru allstaðar til staðar í samfélaginu. Er þess vegna ekki hægt að halda því fram með nokkrum rétti að trú sem slík sé jákvætt fyrirbrigði? spyr hann.

Í ljósi þessarar mismunandi forsendna sem fólk leggur til grundvallar afstöðu sinnar til trúmála er engin furða þótt samræða þess verði höktandi og komist aldrei á loft.

Það er því eitt af markmiðunum með útkomu *Glimunnar* að skapa grundvöll fyrir samræðu um trúmál á Íslandi. Þar með er ekki ætlunin að búa til einn ákveðinn grundvöll því eins og sést af dæmunum hér

að ofan getur hann verið margvíslegur. Einfaldlega er átt við að sú er krafa ritsins að þeir sem í það skrifa geri skýra grein fyrir þeim forsendum sem þeir bygga umfjöllun sína á. Það var einmitt, að mínu mati, Akkilesarhæll samræðunnar í Borgarleikhúsinu. Mönnum er of gjarnt á að halda að allir aðrir hugsi nákvæmlega eins og þeir sjálfir.

Í greinunum sem birtast hér í ritinu á að vera ljóst hvaða forsendur liggja til grundvallar umfjöllunar höfundanna. Því á að vera auðvelt fyrir þá sem ekki eru sammála að bregðast við með því annað hvort að setja spurningarmerki við forsendurnar eða benda á rangar ályktanir sem höfundur dregur af þeim eða koma með aðrar sem breytt geta niðurstöðunni. Ritstjórnin hvetur alla áhugasama til að bregðast við finni þeir sig til þess knúna og senda inn athugasemdir sínar við efni greinanna.

Ritinu er skipt niður í fjóra efnisflokka:

Undir efnisflokknum „Samfélag“ birtast greinar sem snerta samfélagsleg málefni af ýmsum toga. Dr. Hjalti Hugason prófessor fjallar um spurninguna hvert erindi guðfræðinnar sé inn í samfélagslega umræðu. Stefán Karlsson, menntaskólakennari, gefur í sinni grein yfirlit yfir tengsl kristindóms og stjórnmála á ýmsum tímum. Haukur Ingi Jónasson sálgreinir gerir grein fyrir stöðu og hlutverki guðfræðinnar innan sálæknisfræða. Og sr. Þórhallur Heimisson fjallar um hvernig ýmsar nýtrúarhreyfingar hafa notfært sér hugtakið „kristur“.

Í framtíðinni er hugmynd ritstjórnar sú að fá höfunda til að taka fyrir ákveðna spurningu sem snertir samfélagsleg málefni og fjalla um hana út frá mismunandi sjónarhornum.

Undir efnisflokknum „Fræði“ koma fræðilegar greinar um guðfræði. Dr. Sigurður Örn Steingrímsson gerir grein fyrir þeim hugmyndum sem fram koma í Gamla testamentinu um hvað taki við eftir dauðann. Dr. Kristinn Ólason varpar ljósi á þau guðfræðilegu þemu sem Halldór Kiljan Laxness nýtti sér í *Vefaranum mikla frá Kasmír*. Og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson fjallar um ýmsar Lúthermyndir og íslenska túlkunarhefð.

Undir efnisflokknum „Deigla“ birtast greinar sem fjalla um málefni sem ofarlega eru á baugi í samfélaginu hverju sinni, hugleiðingar eða þælingar sem höfundar vilja koma á framfæri. Björn Bjarnason, ráðherra, birtir hér ræðu sína sem hann flutti á prestastefnu að Hólum í

ár, þar sem hann m.a. hvetur kirkjunnar þjóna til að standa staðfastir á sínu.

Undir efnisflokknum „Umfjöllun“ verður fjallað um áhugaverðar bækur í guðfræði, erlendar sem innlendar. Gunnbjörg Óladóttir, guðfræðingur, segir frá bók Marks Fox þar sem tekin er fyrir reynsla fólks sem hefur „lifað af andlátið“ ef svo má að orði komast.

Við sem stöndum að þessari útgáfu vonum að guðfræðingar jafnt og aðrir nýti sér þennan vettvang til að birta greinar sínar. Auk þess að allir áhugasamir notfæri sér þennan möguleika Kistunnar til að bregðast við greinunum með því að senda inn athugasemdir við þær. Þannig megi eiga sér stað umræða og skoðanaskipti um efni þeirra milli höfundarins og lesenda. Því *Glíman* er tilraun um samtal guðfræði og samtíma.

Og Jakob nefndi þennan stað Peníel, því að ég hefi, kvað hann, séð Guð augliti til auglitis og þó haldið lífi. Og er hann fór frá Peníel, rann sólin upp. Var hann þá haltur í mjöðminni (1M 32.30–31).

Jón Pálsson